

Fundargerð

301. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 8³⁰–10⁰⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt án áritunar.

2. Heyrúlluplast.

Framhaldið var umræðu frá síðasta fundi stjórnar um tillögu að breyttri flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast.

LHG fór yfir að í umræðum á síðasta fundi kom fram að kanna þurfi málið betur svo tryggt sé að ákvörðun Úrvinnslusjóðs teldist ekki mismuna ráðstöfunaraðilum á EES-svæðinu og að aðgerðin teldist ekki ólögumæt ríkisaðstoð.

Stjórnarmenn ræddu stöðuna og fóru yfir kostnaðarmat að breyttri flutningsjöfnun er ÓK lagði fram á fundinum.

Stjórn samþykkir að fá lögfræðialit um hvort tillaga að breyttri flutningsjöfnun stenst EES samninginn, sérstaklega m.t.t. ríkisstyrkjareglna. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að fá slíkt álit.

Upplýst var á fundinum um erindi frá UAR sem telur, eftir yfirferð og skoðun á reglugerðum EES samningsins, að öllu óbreyttu, að heyrúlluplast teljist til umbúða og skuli því fylgja óbreyttu verklagi við upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar um árangur við meðhöndlun plastumbúða. Umræðu frestað.

3. Umbúðir

Farið var yfir á fundinum, að í úrgangsfurvarpi er gert ráð fyrir að úrvinnslugjald verði lagt á allar gerðir umbúða þ.e. úr pappa, plasti, málmum, gleri og textíl. ÓK lagði fram og fór yfir tillögur um framkvæmd verkefnisins.

BSB yfirgaf fund 9:50.

LÓ yfirgaf fund 10:00.

Rætt var um hvort að huga þurfi strax að þrepaskiptum gjöldum vegna umbúða. Einnig var rætt hvort að innheimta í gegnum Tollinn geti gengið til framtíðar miðað við að það þarf að taka upp þrepaskipt gjöld.

4. Úrvinnslusjóður

Stafrænt Ísland (www.island.is) hefur síðan í haust unnið að því að gera skil á ökutækjum til úrvinnslu rafræn í samstarfi við Úrvinnslusjóð, Samgöngustofu og Fjársýslu ríkisins.

Frestað.

5. Starfsreglur stjórnar.

Drög að starfsreglum stjórnar.

Frestað.

6. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 25. mars 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10.00